

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um tekjur sveitarfélaga af einkahlutafélögum.

- 1. Hvaða sveitarfélög hafa orðið fyrir umtalsverðu tekjutapi vegna fjölgunar einkahlutafélaga og i hve miklum mæli er tekjutapið? Í svarinu verði bornar saman tekjur viðkomandi sveitarfélaga sl. fjögur ár og tekjur þeirra næstu fjögur ár áður en skattalögum var breytt með lögum nr. 133/2001.*

Ráðuneytið hefur ekki athugað hvort sveitarfélög hafi orðið fyrir tekjutapi við breytingu á rekstrarformi fyrirtækja í einkahlutafélög. Upplýsingar um fjölda einstaklinga sem fært hafa rekstur sinn yfir í einkahlutafélag og áhrif þess á útsvarsstofn eigenda liggja ekki fyrir hjá ríkisskattstjóra. Án framangreindra upplýsinga er ógerningur að meta áhrif breytts rekstrarforms á útsvarsstofn sveitarfélaga og allar tölur í því sambandi geta einungis verið ágiskanir.

Breytingar sem gerðar voru á skattalögum með lögum nr. 133/2001 hafa haft margvísleg efnahagsleg áhrif. Lækkun tekjuskatts á fyrirtæki hefur leyst úr læðingi aukin umsvif í atvinnulífinu, skapað fleiri störf og auknar atvinnutekjur einstaklinga sem hafa skilað sér í hækkun á útsvarsstofni sveitarfélaga. Þá má jafnframt geta þess að samhliða breytingum á skattalögum voru reglur um reiknað endurgjald eigenda einkahlutafélaga hertar.

Skattkerfisbreytingar á undanförnum árum hafa að sama skapi aukið skatttekjur ríkissjóðs, þ.m.t. vegna aukins fjármagnstekjkattus. Sú aukning hefur skilað sér í stórauknu framlagi ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem sjóðurinn fær fast hlutfall innheimtra skatttekna ríkissjóðs. Að raunvirði nemur hækkun á framlagi ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs 39% milli áranna 2001 og 2005.

Með hliðsjón af framangreindu er því tæpast hægt að fullyrða að sveitarfélögin hafi allmennt orðið fyrir tekjutapi vegna umræddra skattalagabreytinga. Á hitt má þó benda að aðstöðumunur sveitarfélaga til tekuöflunar hefur aukist á undanförnum árum og ekki er útlokað að umræddar skattalagabreytingar hafi haft þar einhver áhrif. Reglur um úthlutun á 700 millj. kr. aukaframlagi ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árunum 2006–2008 miða m.a. að því að draga úr áhrifum aðstöðumunarins með því að veita sérstök framlög til sveitarfélaga þar sem útsvarsstofn hefur hækkað minna en launavísitala Hagstofu Íslands.

Í töflu hér á eftir koma fram upplýsingar, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum miðað við núverandi sveitarfélagaskipan, um reiknaðar útsvarstekjur sveitarfélaga á árunum 1998–2005. Jafnframt kemur fram breyting á útsvarstekjum, annars vegar milli áranna 1998 og 2001 og hins vegar milli áranna 2002 og 2005, ásamt breytingu á íbúafjölda milli áranna 2002 og 2005. Eins og sést í töflunni lækkuðu útsvarstekjur hjá tveimur sveitarfélögum milli áranna 2002 og 2005. Líklegasta ástæða þess að útsvarstekjur standa í stað eða lækka er að skattgreiðendum í sveitarfélagini fækkar, t.d. vegna íbúafækkunar, minnkandi atvinnupáttóku eða aukins atvinnuleysis. Þar sem samdráttur í útsvarstekjum er umfram íbúafækkun má hugsanlega álykta að fjölgun einkahlutafélaga geti verið ein af skýringum samdráttar.

2. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að sveitarfélögum verði bætt það tekjutap sem þau hafa orðið fyrir af völdum fyrrnefndrar lagabreytingar?*

Eins og áður segir hefur heildarútsvarsstofn sveitarfélaga hækkað umtalsvert frá því að lagabreytingin tók gildi. Hið sama má raunar segja um aðra tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. fasteignaskattstofn og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Milli áranna 2002 og 2005 hækkuðu heildarskatttekjur sveitarfélaga um 30,2%.

Það er rétt að geta þess jafnframt að frá því að umræddar lagabreytingar tóku gildi hafa verið gerðar ýmsar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga.

Að tillögu tekjustofnanefndar sem starfaði á árinu 2000 og var skipuð fulltrúum ríkis og sveitarfélaga voru útsvarsheimildir sveitarfélaga rýmkaðar með hækjun hámarksútsvars úr 12,04% í 12,70% árið 2001 og 13,03% árið 2002. Hækjun hámarksútsvars hefur skilað sveitarfélögunum verulegum tekjuauka sem nam til að mynda tæplega 6 milljörðum kr. á síðasta ári, miðað við fullnýtingu útsvarsheimilda og að teknu tilliti til hlutdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjustofnanefnd sem skipuð var í tengslum við sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga til eflingar sveitarstjórnarstigsins skilaði í mars 2005 tillögum til ráðherra um ýmsar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og fjármálagum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Tillögur nefndarinnar, sem koma til framkvæmda í áföngum á árunum 2005–2008, fela í sér varanlega tekjuaukningu fyrir sveitarfélögin sem nemur rúmlega 1,5 milljörðum kr. á ári en á árunum 2005–2008 nema fjárhagsleg áhrif tillagna nefndarinnar og annarra breytinga sem gerðar voru á tekjustofnum sveitarfélaga á starfstíma nefndarinnar samtals um 9,5 milljörðum kr. Í þeim tillögum er lögð sérstök áhersla á að jafna aðstöðumun sveitarfélaga. Á grundvelli tillagna tekjustofnanefndar hefur ráðherra jafnframt skipað nefnd til að endurskoða reglur um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og stendur sú endurskoðun nú yfir.

Frekari breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru ekki áformaðar á yfirstandandi kjörtímabili.

Útvarstekjur sveitarfélaga 1998–2005, millj. kr. á verðlagi hvers árs.*

Svf. nr.	Sveitarfélag	Breyting fíbuárfjöldi			Breyting tekna			Breyting tekna			Breyting tekna		
		1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	1998-2001	2002-2005	2002-2005	
0000	Reykjavíkurborg	15.166.790	16.838.245	19.069.032	21.868.843	23.781.557	24.725.335	27.130.197	29.485.664	44%	24%	2%	
1000	Kópavogsþær	2.977.166	3.430.463	3.950.565	4.703.790	5.206.691	5.550.642	6.116.301	6.870.061	58%	32%	6%	
1100	Seljavarnesbær	741.180	801.021	879.584	1.008.859	1.094.764	1.138.634	1.224.006	1.405.003	36%	28%	-3%	
1300	Gardabaer	1.231.669	1.358.408	1.518.191	1.826.613	2.023.900	2.160.098	2.384.673	2.771.051	48%	37%	8%	
1400	Hafnarfjörðarbær	2.384.708	2.693.473	3.056.071	3.655.165	4.030.608	4.313.906	4.809.770	5.348.299	53%	33%	9%	
1603	Sveitarfélagið Álfafanes	179.792	203.385	237.856	321.954	355.946	389.725	446.961	527.663	79%	48%	23%	
1604	Mostfellsbær	714.541	812.982	934.223	1.125.172	1.237.737	1.323.162	1.472.851	1.692.238	57%	37%	11%	
1606	Kjósarhreppur	14.777	15.314	19.055	20.421	25.479	25.661	27.913	30.851	38%	21%	10%	
2000	Reykjanesbær	1.411.551	1.545.407	1.726.149	1.993.461	2.074.213	2.134.873	2.285.886	2.526.211	41%	22%	4%	
2300	Grindavíkurbær	302.677	321.713	355.071	416.171	455.611	465.794	487.812	532.654	37%	17%	10%	
2503	Sandgerðisbær	159.723	171.800	194.597	231.046	244.744	245.448	265.638	306.557	45%	25%	10%	
2504	Sveitarfélagið Garður	166.677	154.770	163.142	198.340	222.351	232.375	252.702	282.263	19%	27%	11%	
2506	Sveitarfélagið Vogar	84.251	93.682	104.123	130.796	148.365	157.151	172.150	206.640	55%	39%	18%	
3000	Akraneskaupstaður	706.680	755.293	840.927	1.008.858	1.104.429	1.121.905	1.220.055	1.356.466	43%	23%	3%	
3506	Skorradalshreppur	6.028	6.509	6.316	8.248	9.601	9.579	13.116	16.181	37%	69%	-7%	
3511	Hvalfjárðarsveit	66.354	67.154	75.548	90.572	96.217	95.646	107.793	127.743	36%	33%	11%	
3609	Borgarbyggð	352.305	382.303	419.656	498.123	539.438	577.416	623.874	722.053	41%	34%	6%	
3709	Grundarfjörðarbær	112.130	121.719	126.480	151.428	168.219	162.544	178.602	198.863	35%	18%	1%	
3710	Helgafellssveit	6.368	6.709	7.039	8.308	8.681	8.902	7.244	9.492	30%	9%	-2%	
3711	Stykkishólmsbær	162.073	173.846	191.702	223.826	232.681	225.985	242.108	250.308	38%	8%	-5%	
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	12.013	11.763	12.763	14.358	18.359	21.823	25.073	30.035	20%	64%	16%	
3714	Snæfellsbær	223.432	257.749	263.396	331.666	340.750	334.556	360.660	367.682	48%	8%	-2%	
3811	Dalabyggð	84.332	86.949	94.586	105.224	116.754	116.888	123.569	135.458	25%	16%	-5%	
4100	Bolungarvíkarkaupstaður	141.997	152.870	161.402	177.276	183.816	188.204	197.169	204.292	25%	11%	-4%	
4200	Ísafjarðarbær	587.040	611.370	625.239	730.411	783.567	802.405	856.519	912.713	24%	16%	-1%	
4502	Reykholahreppur	33.189	37.884	40.708	49.275	49.343	48.940	49.972	49.350	48%	0%	-13%	
4604	Tálknafjörðarhreppur	43.806	50.343	51.868	60.710	63.643	61.506	59.767	58.527	39%	-8%	-14%	
4607	Vesturbýggð	157.035	172.038	165.865	196.270	202.521	199.772	202.761	201.956	25%	0%	-14%	
4803	Sudðavíkarkaupstaður	32.540	34.886	35.057	38.095	45.969	45.304	48.494	48.073	5%	17%	0%	

Svf. nr.	Sveitarfélag	Breyting 2004-2005					Breyting 2005-2006					Breyting 2006-2007				
		1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	1998-2001	2002-2005	tekna	Breyting tekna	Breyting íbuaþjöldá		
4901	Ármeshreppur	6.530	6.803	6.934	7.357	8.395	8.592	10.956	9.984	13%	19%	-15%	-15%	-15%	-15%	
4902	Kaldrananeshreppur	16.944	19.200	19.377	22.510	24.065	22.297	23.416	23.738	33%	-1%	-1%	-1%	-1%	-1%	
4908	Bejarkreppur	9.660	10.545	11.248	14.966	15.118	16.303	15.879	15.835	55%	5%	12%	12%	12%	-8%	
4911	Strandabyggð	72.691	73.513	78.054	82.009	92.387	91.407	96.067	103.406	13%	12%	-8%	-8%	-8%	-8%	
5200	Sveitarfélagið															
5200	Skagafjörður	474.284	518.107	558.485	652.643	714.124	747.458	807.714	846.235	38%	18%	-1%	-1%	-1%	-1%	
5508	Húnafjöng vestra	129.963	136.883	151.879	174.390	191.405	193.182	209.287	227.500	34%	19%	-3%	-3%	-3%	-3%	
5604	Blönduósshær	122.757	127.851	138.202	160.645	167.149	177.793	193.487	193.976	31%	16%	-4%	-4%	-4%	-4%	
5609	Höfnahreppur	88.498	109.687	103.757	115.721	124.334	124.759	126.197	126.341	31%	2%	-9%	-9%	-9%	-9%	
5611	Skagabyggð	7.475	8.027	8.742	11.203	10.719	11.506	12.112	10.692	50%	0%	-2%	-2%	-2%	-2%	
5612	Húnavatnshreppur	46.854	52.866	56.141	65.546	71.020	69.298	73.555	77.257	40%	9%	-8%	-8%	-8%	-8%	
5706	Akrahreppur	19.448	20.043	21.901	28.723	30.001	33.663	34.023	38.126	48%	27%	-4%	-4%	-4%	-4%	
6000	Akureyrarkaupstaður	1.933.765	2.085.542	2.273.271	2.715.399	2.972.707	3.122.045	3.352.704	3.670.945	40%	23%	4%	4%	4%	4%	
6100	Norðurþing	439.465	449.251	463.546	523.402	567.500	582.189	614.719	645.825	19%	14%	-6%	-6%	-6%	-6%	
6250	Fjallabyggð	371.511	399.874	399.692	464.387	509.035	499.540	504.727	520.572	25%	2%	-8%	-8%	-8%	-8%	
6400	Dalvíkurbyggð	247.224	260.632	264.028	324.703	359.919	363.998	363.220	387.504	31%	8%	-6%	-6%	-6%	-6%	
6501	Grímsseyjarhreppur	14.376	19.767	20.106	19.863	23.402	23.369	21.675	26.243	38%	12%	15%	15%	15%	15%	
6506	Armaneshreppur	21.263	23.944	26.700	28.526	31.063	32.337	34.828	35.574	34%	15%	-5%	-5%	-5%	-5%	
6513	Eyjafjardarsveit	97.821	108.571	123.646	140.927	154.673	161.840	179.436	193.892	44%	25%	0%	0%	0%	-8%	
6514	Hörgárvík	39.564	42.289	45.611	53.278	57.824	60.891	64.117	73.495	35%	27%	8%	8%	8%	-6%	
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	36.606	41.659	47.778	54.121	62.546	60.731	65.573	74.665	48%	19%	1%	1%	1%	-6%	
6602	Grytvakkahreppur	46.259	53.148	54.585	69.831	77.987	78.696	80.374	79.048	51%	1%	-7%	-7%	-7%	-7%	
6607	Skrifustáðahreppur	51.220	55.832	59.068	71.884	83.248	81.237	84.836	87.616	40%	5%	-6%	-6%	-6%	-6%	
6609	Aðaldaðlahreppur	31.559	30.908	31.525	37.438	41.759	45.729	46.562	48.200	19%	15%	-6%	-6%	-6%	-6%	
6611	Tjörneshreppur	6.893	6.944	7.264	8.276	9.549	9.900	10.581	11.957	20%	25%	-6%	-6%	-6%	-6%	
6612	Bingeyjarsveit	74.784	76.854	81.045	95.992	101.362	106.547	108.986	119.796	28%	18%	-6%	-6%	-6%	-6%	
6706	Svalbarðsþeppur	11.230	10.878	13.009	15.021	17.433	19.631	20.126	19.987	34%	15%	-9%	-9%	-9%	-9%	
6709	Langanesbyggð	83.868	81.490	83.145	100.186	107.361	110.156	125.345	125.825	19%	17%	-1%	-1%	-1%	-1%	
7000	Seyðisfjardarkaupstaður	108.256	117.493	115.709	133.163	144.712	149.846	159.740	173.639	23%	20%	-3%	-3%	-3%	-3%	
7300	Fjarðabyggð	603.650	611.127	625.285	744.292	839.644	871.615	954.198	1.182.369	23%	41%	21%	21%	21%	21%	
7502	Vopnafjardarhreppur	98.020	104.655	109.529	129.269	145.016	144.449	153.093	150.865	32%	4%	-5%	-5%	-5%	-5%	

Svf. nr.	Sveitarfélag	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	1998-2001	2002-2005	Breyting tekna	Breyting tekna	Breyting íbuaþjöldá
7505	Fjórdalshreppur	7.042	7.044	8.373	8.812	11.654	42.383	128.662	140.795	25%	1108%	323%	-6%	323%
7509	Borgarfjarðarhreppur	16.407	16.880	18.897	23.712	24.615	23.697	23.433	25.056	45%	2%	4%	-6%	4%
7613	Breiðdalshreppur	30.966	31.018	34.212	42.452	45.075	45.211	46.630	47.226	37%	5%	-13%	-8%	-8%
7617	Djúpavogshreppur	60.639	61.462	71.586	88.655	88.907	92.608	100.248	100.561	46%	13%	-8%	-8%	-8%
7620	Fjórdalshérað	303.349	338.016	360.673	438.861	458.896	604.744	1.061.548	1.095.206	45%	139%	40%	40%	40%
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	296.747	315.349	328.790	385.401	425.353	424.496	429.347	455.319	30%	7%	-6%	-6%	-6%
8000	Vestmannaeyjabær	674.173	688.548	692.899	848.434	919.381	889.290	913.004	974.683	26%	6%	-6%	-6%	-6%
8200	Sveitarfélagið Árborg	693.319	778.479	862.982	1.039.888	1.130.408	1.201.592	1.325.864	1.493.299	50%	32%	13%	13%	13%
8508	Mýrdalshreppur	55.771	59.596	62.995	79.510	80.317	82.764	94.902	96.492	43%	20%	-1%	-1%	-1%
8509	Skaftárhreppur	57.433	59.935	64.249	72.768	81.810	86.217	96.106	97.714	27%	19%	-6%	-6%	-6%
8610	Ásahreppur	13.200	15.537	17.890	21.063	21.348	23.765	28.023	32.630	60%	53%	17%	17%	17%
8613	Rangárhing eystra	175.318	189.686	201.480	236.540	258.086	262.799	282.808	312.774	35%	21%	1%	1%	1%
8614	Rangárhing ytra	155.058	168.751	189.239	223.580	239.479	245.788	263.222	282.564	44%	18%	1%	1%	1%
8710	Hrunamannahreppur	65.045	75.372	78.515	96.447	105.628	108.173	121.379	130.487	48%	24%	3%	3%	3%
8716	Hveragerðishærð	188.152	219.263	244.340	296.281	316.467	326.885	376.401	409.531	57%	29%	11%	11%	11%
8717	Sveitarfélagið Ölfus	199.007	227.446	245.788	282.377	316.711	323.560	346.393	381.463	42%	20%	4%	4%	4%
8719	Grimnes- og Grafningssneppur	38.108	46.927	40.364	50.037	56.480	59.731	68.396	79.180	31%	40%	-1%	-1%	-1%
8720	Skeiða- og Gnúpverjarhreppur	52.380	59.311	66.655	70.011	78.391	81.868	92.914	90.269	34%	15%	3%	3%	3%
8721	Bláskógarbyggð	82.310	93.563	104.626	130.497	139.886	152.295	162.363	206.160	59%	47%	4%	4%	4%
8722	Flóahreppur	43.574	48.000	50.981	67.798	75.048	72.409	82.459	90.276	58%	20%	3%	3%	3%
Samanlagðar útsvarstætijur		36.783.260	40.584.616	45.070.809	52.762.077	57.495.352	60.055.437	65.985.272	72.517.137	43%	26%	4%		

* Miðað við fullnýtingu heimildar til útsvarsálagningar, að teknu tilliti til 0,77% hlutdeilda Jöfunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum, þ.e. 11,27% á árunum 1998 til 2000, 11,93% á árinu 2001 og 12,26% á árunum 2002 til 2005.

